



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um þjónustusamninga við einkarekin vistheimili

Þann 1. febrúar 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þjónustusamninga við einkarekin vistheimili:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort Reykjavíkurborg sé með þjónustusamning við einkarekin vistheimili fyrir börn með fjölþættan og flókinn vanda? Ef svo er, hvernig er eftirliti háttað með þessum heimilum? Einnig er spurt um hvort fylgst sé með öryggi skjólstæðinga og starfsfólks og hvort það sé tryggt? Er gerð krafa á að vistheimilin séu með fagfólk sem kann að veita börnum meðferð og aðstoð? Hér er um að ræða börn sem eru veik, mörg með alvarlegan geðrænan vanda og hljóta því að þurfa sértæka meðhöndlun. Er fylgst með arðgreiðslum hjá þessum einkareknu vistheimilum, ef þær eru til staðar?

Svar:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum keypt búsetuþjónustu fyrir börn af einkaaðilum á borð við Vinakot, Klettabæ og Heilindi. Annars vegar er um að ræða fulla búsetuþjónustu, þar sem gerðir eru formlegir samningar er lúta að einstökum börnum og hafa ákveðið markmið og tímalengd. Hins vegar er um að ræða umfangsminni þjónustu, í formi hvíldardvala og stuðningsþjónustu til skemmri tíma. Í þeim tilvikum hafa formlegir samningar ekki verið gerðir. Skilmálasamningur er í gildi milli velferðarsviðs og Klettabæjar um þá samninga sem gerðir eru um dvöl barna og ungmenna á heimilum Klettabæjar, en langflestir samningar eru við það fyrirtæki í dag. Í þeim samningi kemur fram að starfsmenn sem veita þjónustu á grundvelli samninga milli aðila séu starfsmenn þjónustusala með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Eftirlit með þjónustunni byggir á kröfulýsingu, heimsóknnum ráðgjafa og samtali við þau börn og ungmenni sem um ræðir. Ráðgjafar barnanna fá einnig vikulega yfirlit yfir þjónustuna og stöðu mála og því má segja að samráð um umrædda þjónustu sé mikið. Þess má þó geta að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála gerði úttekt á búsetuúrræðum og hvíldardvöl Klettabæjar ehf. sem kom að stærstum hluta vel út. Þó voru settar fram ábendingar til sveitarfélaganna sem lutu að innra eftirliti og hefur velferðarsvið gert úrbótaáætlun um útfærslu og framkvæmd gæðavísa innra eftirlits vegna barna og ungmenna í búsetu utan heimilis. Sú vinna er í fullum gangi og er unnið að úttekt sem mun fara fram um vor 2023.

Í kröfulýsingu er gerð krafa um að alltaf skuli vera að minnsta kosti einn starfsmaður með fagmenntun til staðar á vökutíma sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 1038/2018. Fyrirtækin skila inn



Reykjavíkurborg

ársreikningum um leið og þeir liggja fyrir, þó eigi síðar en 1. september. Ekki er sérstaklega fylgst með arðgreiðslum fyrirtækja.